

Heimir Már Pétursson

3. júní 2020

Viðtal tekið fyrir verkefnið Fjaðrafok

Spyrill: Felix Bergsson og Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Friðrik Friðriksson

Digital 4K

© Krumma films ehf.

Ég heiti Heimir Már Pétursson og er fréttamaður á Stöð 2.

*Felix: Og kannski fyrst Heimir, segðu aðeins frá upphafinu. Hvernig er sagan svona stuttlega í byrjun? Hvernig verður Gleðigangan til?*

Gleðigangan verður þannig til að árið 1979, nei ekki '79 ég er svo, byrja ég.

*Hrafnhildur: Andaðu nú aðeins djúpt og...*

Og?

*Hrafnhildur: Róaðu þig aðeins.*

Tala rólegra meinara? Hægar? Já ég er alltaf að spara sekúndurnar.

*Hrafnhildur: Ég segi það.*

Ég er að dubba. Viltu byrja aftur Felix eða?

*Felix: Já bara að þú segir stuttlega í upphafi frá hvernig Gleðigangan varð til.*

Já árið 2009 þá voru 30 ár liðin frá uppreisninni í Stonewall og nokkrir eldri...

*Felix (og allir hinir frammi): '99.*

Hvað sagði ég?

*Felix: 2009.*

'99.

*Fjaðrafok*

*Felix: Þú ert búinn með '79 og 2009, þetta er þá að nálgast.*

'99 fyrirgefðu. OK. (Hlær) Árið 1969 (hlær) þá var verið að jarða Judy Garland. OK.

*Felix: Segðu mér aðeins stuttlega frá hvernig Gleðigangan varð til?*

Árið 1999 þá voru 30 ár liðin frá uppreisninni í Stonewald. Stonewald? (Hlær) Æjæjæj. Þetta kemur. Og ég er ekki einu sinni skakkur eða fullur eða neitt.

*Felix: Kannski það sé vandamálið.*

Það er vandamálið.

*Felix: Já, segðu mér aftur frá upphafinu.*

Árið 1999 voru liðin 30 ár frá uppreisninni í Stonewall og þá mundu nokkrir eldri hommar í Reykjavík eftir þessum degi og fannst það yrði að gera eitthvað hér á Íslandi til að minnast þessa viðburðar. Og það var blásið til samkomu á Ingólfstorgi, mjög góðrar samkomu sem voru fullt af flottum listamönnum og stjórnámálamenn einhverjir héldu ræður og svo framvegis. Og ég var bara eins og margir aðrir, bara áhorfandi að þessu og fann það bara á eigin líkama að það hafi orðið breyting á meðal þjóðarinnar vegna þess að þarna voru kannski 500 hommar og lesbíur og kannski einhverjir trans auðvitað líka en um 1.000 bara vinir og ættingjar og þeir sem studdu okkur almennt, eða þau. Og ég fann bara að það hafði orðið þessi viðhorfsbreyting hjá þjóðinni og að nú væri kominn tími til að fara í alvöru parade sem kallað var í Bandaríkjunum, alvöru göngu með atriðum og látum og hringdi strax í Veturlíða Guðnason sem var nú einn aðal hvatamaður að þessari samkomu '99 og segi honum þetta að við verðum strax að fara að undirbúa næsta ár. Og þau voru öll svo móð eftir þessa samkomu að þau héldu náttúrulega að ég væri brjáláður að fara að ræða þetta í fyrsta lagi, að ræða þetta bara yfirleitt og í öðru lagi daginn eftir að þessi mikla hátíð var. En þá fyrir tilviljun er InterPride, alþjóða samtök Pride-a í heiminum, í fyrsta skipti að halda ársfund í Evrópu og

það var í Skotlandi í Glasgow. Og það kemur boðsbréf til Samtakanna '78 um þetta og Þorvaldur sagði mér frá því og það er ákveðið að ég fari og þarna varð ég bara fyrir vakningu, sótti þarna vinnustofur og lærði náttúrulega af fólki sem var búið að gera þetta í áratugi, að halda svona viðburði, stóra viðburði, hvernig átti að gera það. Það var ekki bara að kalla fólk saman, það þyrfti að skipta með sér verkum og embættum og hafa embættistitlana mjög feita og skrautlega vegna þess að það var í rauinni eina kaupið sem þú fékkst, að það var að fá einhvern góðan titil. En aðalmálið að skipta verkum, tala við þá sem þurfti að tala við, semja við lögreglu, tryggingarfélög og annað og við bara göngum í þetta og það var samt töluverð andstaða við þetta í okkar svona hreyfingu. Það var fólk sem að hélt að þetta yrði nú ekki neitt neitt og það var auðvitað búið að fara í göngur áður, tvær, þrjár, sem að höfðu svona meira svona yfir sér, svona yfirbragð mótmælagöngu, kröfugöngu, enda þá hafði náttúrulega alnæmisfaraldurinn gengið yfir og það er alvarlegt ástand í okkar hreyfingu og við höfðum yfirleitt ekki átt upp á dekk sko þangað til þarna. Þarna skynjaði ég þennan, mér fannst það hafa orðið viðhorfsbreyting hjá þjóðinni, að hún væri tilbúin í þetta og til að gera langa sögu mjög stutta að þá er lagt í göngu frá Hlemmi árið 2000 og það vantaði líka orðið, „Hvað á að kalla þetta?“ Ég vildi ekki kalla þetta skrudgöngu, mér fannst það hallærislegt að kalla þetta skrudgöngu. Skátar fara í skrudgöngu og svo framvegis og það var skrudganga á 17. júní og svona. Þannig að ég fann upp þetta heiti, Gleðigangan, þetta væri ganga gleðinnar þar sem að við værum að sýna okkur eins og við komum til dyranna. Hvernig við gleðjumst, hvernig við fögnum sigrum þeirra sem á undan höfðu gengið og þetta átti sem sagt að vera algjör andstaða einhvern kröfugöngu og þarna ætluðum við bara að glenna okkur framan í þjóðina bara hreint og beint. Og skipulögðum þetta þannig að þetta yrði að lámarki 300 metra löng ganga þannig að það væri ekkert hægt að ná henni í einum ramma á mynd, að þetta myndi alltaf sagnfræðilega séð líta út fyrir að hafa verið mjög stórt. Sem það síðan í raun og veru verð vegna þess að þjóðin var nú svo kurteis í sínum stuðningi við okkur að hún lét okkur bara vera þarna við lögreglustöðina þar sem við vorum að raða þessu saman og við mjög upptekin af okkur og höfðum ekkert verið að kíkja neitt. En þegar við komum fyrir hornið á Hlemmi og niður Laugavegin, að þá biðu eitthvað um svona 12.000 manns sem löbbuðu síðan í halarófu á eftir okkur og það var fyrsta grenjukastið sem að ég fékk í gleðigöngu sem ég fékk á hverju einasta ári og fæ á hverju einasta ári eftir það vegna þess að, og svo náttúrulega stækkaði þetta svo mikið og þarna sá maður fólk úr öllum stéttum, öllum gerðum

og stærðum og þegar einhver ár voru liðin, man ekki hvað, þrjú, fjögur ár, þá vorum við komin með skemmtiatriði niður í Lækjargötu, þveruðum Lækjargötuna og ég er þar baksviðs að fylgjast með hvað er að gerast og kíki svona í gegnum sviðstjöldin og sé þá að áberandi margar finar frúr, svona frúnnar í Reykjavík höfðu tekið sig til, eldri frúr. Og farið í hárgreiðslu og allt saman og voru í sínu finasta. Og þá sagði ég, man ekki hverjir voru þarna baksviðs með mér gott ef það var ekki Hrafnhildur Gunnarsdóttir eða einhverjir aðrir sem voru þarna bakvið en þá sagði ég sko „Nú erum við komin með alla. Nú eru allir mættir, þegar finu frýrnar eru komnar líka þá er eiginlega enginn eftir.“ og síðan hefur það bara verið þannig.

*Felix: Segðu mér aðeins frá þessum vexti, sko, þessi vöxtur þessi fyrstu tíu árin er gríðarlegur.*

Já, kom okkur rosalega mikið á óvart. Og þarna aftur sko, það skiptir svo miklu máli hvernig þú kemur fram með svona viðburð, hvernig þú kynnir hann og sjálfstraustið sem að fólk verður að hafa. Við ákváðum strax í upphafi að þetta yrði alltaf kynnt sem flottasta hátíð sem nokkurn tímann hefur verið haldin á Íslandi. Og við komum, ég er nú með reynslu af fjölmiðlum og kann að umgangast þá, að þá bjuggum við flottasta pressukitt sem að íslenskir fjölmiðlar hafa nokkurn tímann séð. Innpakkað með dagskrárriti, með diskum með lagi ársins og ég veit ekki hvað og hvað og hvað. Og við gerðum líka það gagnvart fyrirtækjunum að við útbjuggum svona sponsorpakka. Hvers vegna ættu þeir að styðja okkur með tölulegum staðreyndum og súluritum og kökuritum og heimsóttum, og töluðum bara við æðstu menn. Töluðu bara við æðstu menn fyrirtækja, aldrei við markaðsstjóra eða neitt slíkt. Og alltaf forstjórana sjálfa og gerðum þeim grein fyrir því að bleika krónan skipti máli og einnig það að hommar og lesbíur væru mjög minnisgóð og fyrirtæki sem að ekki styddu þau eða væru kannski beinlínis á móti þeim, þau myndu missa svona 15% markaðshlutdeild. Og sýndum dæmi upp á það. Heineken til dæmis, þýska bjórfyrirtækið hafði lagt undir sig alla gay bari meira og minna í Bretlandi og var mjög, bjórdælur, bjór númer eitt var alltaf Heineken. En síðan kemur mjög íhaldssamur forstjóri og móðurfyrirtæki í Þýskalandi og hann skipar Heineken í Bretlandi að hætta öllum sponsor, öllum stuðningi við gleðigöngur í Bretlandi og þau fá bara ekki pund. Og það gerðist bara á nokkrum mánuðum að þúsundir bara, eða

hundruðir að minnsta kosti hundruðir bara og næturlúbba í Bretlandi hentu Heineken út. Og þeir misstu á innan við ári 10% markaðshlutfall í öllu Bretlandi. Og þetta sagði ég forstjórunum hér að þetta gæti alveg eins gerst hérna líka, ef að einhver banki til dæmis vildi ekki styðja okkur þá myndum við bara fara til næsta banka og hvetja fólk til að vera ekkert endilega að fara í hinn bankann og svo framvegis. Þannig að okkur var mjög vel tekið af fjölmiðlum, við vorum nánast, við vorum á öllum útvarpstöðvum, öllum sjónvarpsstöðvum, öllum útvarpsþáttum útvarpsstöðva, á Rás 1 og Rás 2 og öllum stöðvum íslenska útvarpsfélagsins og Bylgjunnar og allt það, það lá við að við værum á forsíðu Herópsins. Og stórfyrirtæki nokkur komu strax til leiks. Landsbankinn, Icelandair Hotels, mokuðum einhvern veginn VÍS. Þessi fyrirtæki komu strax í upphafi og hafa verið með Hinsegin dögum alla tíð. Og svo hafa bæst í auðvitað fyrirtæki sem sáu auðvitað þessi rök sem ég var að segja þér. Að það er til bleik króna og hún skiptir máli í efnahagskerfinu.

*Felix: Nú hafa þeir talað um þetta pink washing dæmi, það voru einhver fyrirtæki sem voru að nýta sér, sem sagt, sem voru að nýta sér þessa jákvæðu...*

Já það voru alls konar mellur á ferð sko, ekki bara, ekkert endilega í fyrirtækjum. Það var mjög algengt að svona smærri spámenn reyndu, vöruspámenn, að troða sér inn í gönguna með einhver skilti og svo framvegis og við bönnuðum nú auglýsingar strax í göngunni með einum fyrirvara. Við sögðum við fyrirtæki „Ef að þú vilt að nafn fyrirtækisins sé í göngunni þá er það vegna þess að samkynhneigðir og tvíkyndhneigðir í þínu fyrirtæki taka sig saman með stuðningi fyrirtækisins, þið borgið atriðið því þau eru í göngunni, þá má nafn fyrirtækisins þíns sjást.“ Síðan hefur það aðeins gerst eftir að það hefur komið. Við þurftum að hafa svolítið fyrir því að reka svona minni spámenn frá okkur. Það voru margir að henda upp einhverjum sölutjöldum og svona nálægt okkur og við unnum að því í mörg ár með borginni sem nota bene hefur alla tíð verið okkar aðal bakhjarl, Reykjavíkurborg, alla tíð, frá borgarstjóranum Ingibjörgu Sólrúnu alla leið til núverandi borgarstjóra, með öllum innanborðs. Að við unnum í því í mörg ár að fá það bara skjalfest að við hefðum einkaleyfi á smásölu á götum úti í miðborg Reykjavíkur á þessum degi. Og það er orðið þannig í dag að það getur enginn verið með smásölu í kringum gönguna, þau verða að borga eitthvað til Hinsegin daga, borga gjald til okkar sem er eðlilegt og þannig er þetta í öllum öðrum löndum.

Og auðvitað líka svona íslensk sérvíska að, til dæmis það er enginn bjórauglýsing hjá okkur en vodka, vodkafyrirtækin og bjórfyrirtækin halda uppi mjög mörgum gleðigöngum og hátíðum í Evrópu og í Bandaríkjunum.

*Felix: En samstarfið geturðu talað um þetta samstarf við stjórnmálamennina? Ég veit að þú til dæmis áttir mjög gott samstarf við Villa...*

Já, Vilhjálmur reyndist okkur ákaflega vel. Þegar að hann verður borgarstjóri, og ég vil taka fram að allir borgarstjórnir reyndust okkur vel en Vilhjálmur er á þeim tímamótum hjá okkur að það var að renna út þriggja ára samningur. Og við höfðum verið þar með einhverja tiltekna upphæð, ég man ekki hvað það var, en það var svona stærsti styrkurinn sem að við fengum. Nema hvað að hann hafði ekkert hækkað í þrjú eða fjögur ár og alltaf verið sá sami og ég næ tali af Villa og færi fyrir því rök að þetta sé ekki rétt og sýni honum líka öll súluritir og allt um hvernig við höfum stækkað og vaxið og hvað þetta er búið að fara að skipta miklu máli fyrir borgina og Vilhjálmur sá þetta alveg. Og hann sá að við höfðum rétt fyrir okkur í þessu. Svo er það bara að, hann var náttúrulega dálítið svona hann Villi svolítið svona gamaldags stjórnmálamaður og hann fór ekki alveg með erindið mitt, hann bað mig bara að skrifa sér bréf og ég skrifaði honum bréf um þetta. Síðan gerist það bara, og ég var að biðja um 150% hækkun á styrknum. Á síðasta borgarráðsfundi, það sem var verið að afgreiða endanlegu útgáfu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar, þá segir Villi undir lok er mér sagt, „Já ég er svo hér með bréf frá Hinsegin dögum beiðni um að hækka framlagið um 150%.“ og það kom eitthvað svona, mönnum þótti þetta svolítið mikið sumum greinilega af því Vilhjálmur hringir í mig, af fundinum, og segir: „Heimir, komist þið ekki af með aðeins minni hækkun? Þetta eru alveg 150%.“ Og ég segi, „Nei, Villi, þú veist að við komumst ekki af án þess en ef að þú kemst ekki í gegnum borgina með það þá verðum við að sætta okkur við það en þú veist alveg að þetta er það sem að við þurfum.“ Þá kemur hann, „Já allt í lagi.“ Og svo var það þannig og við fengum 150% hækkun. Þannig að hann var mikill bakhjarl og skildi mjög vel okkar rök og okkar baráttu og mætti eins og hershöfðingi á okkar samkomur. Og þannig var það nú með þá alla og ég er þakklátur öllum borgarstjórum, sá eftirminnilegast kannski svona í fasi var auðvitað Jón Gnarr. Hann boðaði mig á sinn fund þegar hann var nýorðinn borgarstjóri. Við þekktumst náttúrulega aðeins áður, höfum unnið hjá sama miðli og svona en

við vorum bara ágætlega málkunnugir, ekki meira en það. Og það var voðalega alvarlegt yfir þessu, að hitta borgarstjórnann, að vera boðaður sérstaklega á fund og hann segir, „Já er það nú ekki hefð að borgarstjóri ávarpi opunarhátíðir?“ Og ég segi, „Jú, það er svona oftast. Oftast þegar verið er að ganga frá nýjum samningum og svona. Það er oftast þannig.“ Og hann: „Já ég hefði nú áhuga á að koma þarna fram í dragi.“ Og ég segi „Það væri alveg sjálfsagt.“ En það átti að vera leynilegt, það mátti ekki að upplýsa það með fyrirvara. Og ég sagði: „Hvaða kona ætlar þú að vera? Hvers konar kona ætlar þú að vera?“ Og hann sagði: „Ég á náttúrulega margar konur inni í mér og ég var nú að hugsa um að vera dónalega konan.“ Og ég sagði „Og hvernig kona er það?“ Og þá birtist þessi dónalega kona allt í einu fyrir framan mig, en hún var of dónaleg fyrir minn smekk vegna þess að maður var alltaf að hugsa svona politically correctness og dónalega konan var ekki að því og hún fór svona yfir ansi mörg strik, mjög skemmtileg kona. Þannig hann ákvað að vera í staðinn svona millistéttar fina frúin. Og síðan er hátíð þarna í Gamla Bíó og fyrirkomulagið var þannig að hann mætti á undan öllum öðrum listamönnum og við settum tjald fyrir hluta búningsherbergisins þannig að það vissi enginn hver var þarna á bakvið og hvað var að fara að gerast. Hann var ekki í dagskránni, ávarp borgarstjóra. Síðan hefjast atriði og ég er að ávarpa sem sagt Gamla Bíó og segi svo í lok minnar ræðu: „Og þá er komið að því að borgarstjórinn í Reykjavík ávarpi samkomuna.“ Og það gerist ekki neitt, það kemur enginn. Og svo hreyfist tjaldið og þá birtist allt í einu þessi frú uppstíluð með lagningu og annað. Ansi svona fin með sig sko. Og salurinn auðvitað brjálaðist. Og hann byrjar á því að tala um þessa stjórnámamenn sem að aldrei geti staðið við neitt sem þeir segja. Henni skiljst sem sagt að Jón Gnarr borgarstjóri hafi ætlað að vera þarna en auðvitað er hann ekki hér. „Þannig ég verð bara að taka það að mér að ávarpa samkomuna,“ sem hann gerði síðan alveg dásamlega vel.

*Felix: Hvað með listamennina? Andrea Gylfadóttir alltaf...*

Það eru listamenn sem að voru alveg frá upphafi algjörið bakhjarlar og verður seint þakkað þeirra framlag. Andrea Gylfadóttir er ein af þeim og hún var strax á fyrstu Hinsegin dögnum, kom hún fram og hún kom nánast fram á hverri einustu hátíð held ég með einhverjum hætti. Við settum líka upp... Spyrrum aftur að þessu ég ætla aðeins að...

*Felix: Hvernig var þetta með listamennina? Andrea Gylfadóttir er ein af þeim sem að var þarna.*

Já Andrea Gylfadóttir er ein af þeim fjölmörgu listamönnum sem að voru algjör bakhjarl Hinsegin daga og hún alveg sérstaklega. Hún kom fram á hverri einustu hátíð held ég að minnsta kosti fyrstu tíu árin í alls konar atriðum. Ekki bara niðri í bæ á aðal skemmtihátíðinni heldur líka í alls konar öðrum viðburðum og hún söng líka stjörnuhlutverkið þegar ég óx í raun og veru Hinsegin dögum yfir höfuð og setti upp *Ain't Misbehavin'* söngleikinn í leikhúsi hér í borginni, Loftkastalanum, og þetta þótti félögum mínum að nú væri sem sagt framkvæmdastjórinn farinn af vitinu af því þetta yrði allt of mikil, mikil áhætta og annað. Þannig að ég stofnaði sérstakt hlutafélag utan um þetta til að, ef það færi á hausinn sem það síðan fór. Þau mundu það ekki beint þarna á Hinsegin dögum en þarna settum við upp með amerískum söngleikjafólki þessa sýningu þar sem að Andrea lék divuna og aðalhlutverkið. Vorum með tíu sýningar, alveg stórkostleg sýning. Aðrir tónlistamenn sem, ég má ekki gleyma Tómasi. Tomma Tømm. Því Tommi Tømm stofnaði eiginlega hljómsveit fyrir hvert einasta, hverja einustu hátíð. Og spilaði undir í að minnsta kosti áratug ef ekki lengur í einhverri hljómsveit á öllum hátíðunum og það var honum að þakka að hann dró Stuðmenn mjög snemma held ég á aðra eða þriðju hátíðina til okkar á hátíð og gaf þeim öllum einhver hommanöfn. Sjálfur var hann Hommi Hømm alltaf þegar hann kom fram hjá okkur. Svo voru margir aðrir. Ásgeir hljóðmaður til dæmis hann vann með okkur mjög mikið og allt þetta fólk gaf sína vinnu, það má ekki gleyma því. Hinsegin dagar sem að kostuðu, þegar ég fór frá Hinsegin dögum, kostuðu eitthvað um tæpar 20 milljónir á ári. Ef það átti að borga öllum, öllu fólki sem vann inni í Hinsegin dögum, öllum listamönnunum og öllum þeim sem að lögðu lið sitt, þá hefðu Hinsegin dagar þegar ég hætti fyrir tíu árum ekki kostað 20 milljónir heldur 50 milljónir. Það má ekki gleyma þessu gífurlega mikla framlagi listafólks og annarra. Það var fullt af öðru fólki líka.

*Felix: Geturðu fjallað eitthvað um þátt Páls Óskars?*

Páll Óskar er auðvitað, fæddist drottning og hefur verið drottning allt sitt líf og það er ekki til betra svið fyrir drottningu heldur en Gleðigangan. Hann auðvitað á sinn einstaka hátt

auðvitað er yfirdrifinn sem að á að vera. Hinsegin dagar eiga að vera yfirdrífir og atriðin eiga að vera það. En Páll Óskar hefur sett alveg stórkostlegan svip á gönguna alveg frá upphafi og mikla vinnu, ekki bara í sínu atriði. Hann lagði mikla vinnu í þetta og fjármuni. Sko, á hverju ári var Páll að borga alveg frá upphafi kannski 500.000, milljón, eina og hálfa milljón í laun til annars fólks og fyrir efni til að búa til sitt atriði og var auðvitað skrautfjöldur og er enn, vonandi og heldur áfram að vera, orðinn fimmtugur. Skrautfjöldur í göngunni og Páll hefur þann dásamlega hæfileika, fyrir utan alla sönghæfileikana og leikhæfileikana, þá hefur hann þennan svakalega hæfileika til að draga fólk með sér og kalla fólk til sín og hann nær beinu sambandi við allt frá eins árs og upp í nírætt sem enginn annar getur leikið eftir honum. Og þar af leiðandi er hann auðvitað ein af stærstu gjöfunum sem að Hinsegin dagar hafa fengið. Og það er líka svo merkilegt, þetta sem ég var að segja sko, að ég hafi fundið að það hafi orðið viðhorfsbreyting hjá þjóðinni að vinafólk mitt til dæmis, barnlaust fólk, þau áttu litla frænku og svo var að koma að Hinsegin dögum og hún var búin að segja litla stelpu, sem var held ég bara þá eitthvað sex ára, hún var búin að tala um það í marga mánuði að hún ætlaði að mæta í prinsessugönguna og finna til fót í það og tíöru og allt saman. Nema hvað að þegar að nálgast hátíðina að þá segja foreldrar hennar að hún verði að mæta í afmæli hjá frænku sinni á svipuðum aldri, barnaafmæli sem sagt. Og litla stúlkan sagði bara: „Nei, ég er ekkert að fara í afmæli. Ég er að fara í prinsessugönguna,“ og það endar með því að þetta vinafólk mitt fór með prinsessuna í gönguna en foreldrar hennar mættu fyrir hennar hönd í barnaafmælið. Og þetta er svona dæmi um það hvernig þjóðin, eftir að hafa snúið baki í okkur í áratugi, kannski oft í misskilningi, að það væri gott að þegja um okkur, ættingjar og vinir, að þeir voru að gera okkur einhvern greiða með því, en þau voru náttúrulega alls ekkert að því. En þegar þau föttuðu að það var ekki þeirra hlutverk að þá bara sneri þau þessu við og gengu með okkur og þessi litla prinsessusaga situr alltaf í huga mér sem gott dæmi um viðhorfssnúning þjóðarinnar.

*Felix: Hvernig upplifir þú þessa breytingu úr Gay Pride yfir í Reykjavík Pride?*

Að taka gay-ið út? Sko Reykjavík, í mínum huga, er gay pólitískt orð og það nær ekki, þó það sé svona í daglegu tali í enskumælandi löndum meira notað um samkynhneigða karlmenn heldur en aðra, þá er það ekkert algilt. Gay er notað í rauninni sem regnbogaheiti yfir homma,

lesbíur, tvíkynhneigða og fleiri hópa áratugum saman. Þannig að í mínum huga er það algjör óþarfi að vera að taka það orð út. Ég skil ekki hvers vegna fólki líður eitthvað betur með það. En sko ég hef sagt það upphátt og ég get sagt það hér að ég vona að Hinsegin dagar verði ekki kynjafræðideildinni í Háskólanum að bráð. Við getum endalaust sökkt okkur ofan í einhver fræði um kynhneigð fólks og hvaða, hvar fólk vill sofa eina og eina nótt. En þetta snýst ekkert um það. Þetta snýst um miklu meira að vera opinberlega sú manneskja sem þú ert, hver sem þú ert en ekki straight. Að vera gay er einmitt að vera ekki straight. Það er ögrun við straight heiminn. Það er ögrun við hið ferkantaða samfélag sem að var steipt utan um okkur fyrir mörg þúsund árum og við höfum verið neydd öll inn í, gegn okkar vilja, við sem erum ekki straight. Og það má aldrei ramma okkur svo inn að myndin af okkur sæmi sér við hliðina á vísitölufjölskyldunni með eitt og hálf barn og svo og svo mikið af krónum í laun á ári. Við verðum aldrei þar. Og ef einhver hátíð ætlar að reyna að koma sér þangað í okkar nafni þá mun sú hátíð deyja drottni sínum með tímanum.

*Felix: Aðeins um erlendu listamennina sem komu í gegnum tíðina.*

Mikill fjöldi af frábærum erlendum listamönnum komu hingað. Sumir margoft eins og Stereo Total frá Þýskalandi kom að minnsta kosti tvisvar. Norsku drottningarnar komu hingað, ja, fjórum sinnum held ég og þær höfðu líka svo gaman af því að koma hingað og þær voru svo öðruvísi dragdrottningar vegna þess að þær voru ekki eingöngu að mime-a einhver atriði, þetta voru leikrit, þetta voru leikþættir og þær náttúrulega eru poppstjörnur í Noregi og víðar. Margir margir listamenn. Ég man eftir einum listamanni sem að kom hingað svo dolfallinn, Latneskur Bandaríkjamaður, ungur var hann þá, 24-25 ára, var að byrja sinn feril í tónlist. Og við auglýstum um allan heim eftir fólki að koma og hann sótti um og fólk sendi efni og við hlustuðum á þetta og við ákváðum að hann komi nema hvað hann missir af flugvélinni í New York. En hann ætlaði hvort eð er að koma daginn áður þannig að það kom ekki á sök. Hann missti af henni vegna þess að það var svo mikil umferð og ég segi við hann, OK, og við vorum sponsoruð af Icelandair með einmitt svona frímiðum og annað. Og ég segi: „Ekkert mál, þú bara ferð daginn eftir, vertu bara tímanlega á ferðinni.“ Þegar hann kemur út á flugvöll, þá var party sko, það var dansleikur á Spotlight niðri á Hafnarstræti, ég man það og þá hringir síminn og hann segir: „Heyrðu, ég er kominn hérna niður á flugvöll og það er bara,

vélin er full.“ Og ég segi: „Ekkert mál, farðu bara, skráðu þig inn og farðu inn og bíddu við hliðið ef það skyldi detta einhver út.“ Hann gerir það og svo hringir hann aftur og segir, „Heyrðu, það er bara verið að loka hurðinni, ég kemst ekkert að. Það er full flugvélin,“ og ég sagði bara: „Nei talaðu, er ekki einhver Íslendingur hjá Icelandair þarna? Talaðu við hana.“ Og hann segir: „Nei það er bara verið að ýta flugvélinni frá.“ Og ég segi: „Náðu í konuna frá Icelandair!“ Og hún kemur í símann og ég kynni mig og segi að þetta er listamaður sem er að fara að troða upp, sponsoraður af Icelandair og hann verður að komast, annars missir hann af hátíðinni. Og ég heyri bara í bakgrunnum: „Stop that plane!“ (*Hlær*) og flugvélin var stoppuð og dregin upp að hliði aftur og hann um borð og Icelandair bauð einhverjum að fljúga öðruvísi seinna sko. Það þurfti farþegi að fara út fyrir hann. Svo þegar hann kemur til Íslands þá segir hann: „Hver ert þú eiginlega?“ Og ég sagði: „Svona er þetta bara gert á Íslandi. Icelandair var að sponsora þig og þau verða að koma þér til landsins.“ En hann gekk stóreygður um borgina alla þessa daga sem hann var hér og þá var hátíðin orðin frekar stór sko. Og þannig var að allir erlendu listamennirnir sem komu til okkar, við féllumst í faðma við þá og þeir elskuðu Ísland. Því miður þá man ég þá ekki alla, það kom hérna kona, stand-up grínari, Nína eitthvað, man ekki hvað hún hét. Hún sló í, ha?

*Felix: Nína?*

Nína, já, Harton er það ekki? Já. Hún sló í gegn. Við fengum líka konu hérna sem ég man heldur ekki hvað heitir núorðið sem samdi alla mússíkina í *L Word* þáttunum. Og svo mætti telja og telja sko. Og það má ekki missa þetta samband við umheiminn vegna þess að við fundum ekki upp Hinsegin daga, við erum að minnast upphota sem urðu í New York 1969 sem síðan urðu til þess árið 1970 að í New York, Los Angeles, San Francisco, voru haldnar hátíðir til að minnast þessara viðburða vegna þess að þau mörkuðu þáttaskil í réttindabaráttu samkynhneigðra um allan heim. Og við erum hluti af þessu heimshjarta og samkynhneigðir eru sko, framar öllum, alltaf á undan öllum öðrum á internetinu. Fyrstu chatroom-in og annað á netinu, það voru gay chatroom. Á meðan að straight fólkið var á einhverju ákaflega hallærislegu irki sem að var eins og fundið upp sko á öskuhaugum andskotans, að þá vorum við með þessi flottu chatroom á gay.com og annað. Þannig að gay heimurinn er svo mikið á internetinu og þar er bara einn heili sko, þannig að ég, eins og ég sagði við fyrirtækin, ef þú

ert alþjóðlegt fyrirtæki, Heineken, ef þú fokkar með okkur þá er það ekki bara Heineken í Dublin, þá er það Heineken um allan heim. Varið ykkur á því. Vegna þess við erum svo samtengd og við erum svo samtengd í hjarta okkar, við erum svo meðvituð um að við þurfum að standa saman þegar kemur stykkisins þó við getum rifist eins og hundur og köttur þess á milli en þegar að þar að kemur þá stöndum við saman og, sem betur fer, og hjarta okkar slær sem eitt.

*Felix: Erum við góð?*

*Hrafnhildur: Ég hefði viljað fá söguna um norsku drotningarnar á opnunarhátíðinni í Lofkastalanum.*

*Felix: Já norsku drotningarnar og Villa?*

Bíddu, hvernig var það aftur?

*Felix: Þegar þær veifuðu typpinu framan í Villa.*

Já, dildónum?

*Felix: Já. Manstu eftir því?*

Nei. (Hlær)

*Felix: Ég man þetta ekki einu sinni.*

En ég, já. En ég man...

*Felix: -við vorum að tala um Villa, við eigum-*

*Halla: -segja frá þeirri sögu bara.*

Já ég man líka eftir hneykslinu sem varð þegar við skrifuðum undir nýjan samstarfssamning við borgina á bakinu á honum, sem var kynnir þarna, ein af dragdrottningunum okkar, hann hérna, æj hvað heitir hann hái, granni sem hefur oft verið hjá okkur að kynna? Hann Sveinbjörn? Eða Sigurbjörn? Son, hérna leikari?

*Felix: Bjarni?*

Bjarni Snæbjörnsson! Og hann var í svona Rocky Horror outfitti og við skrifuðum undir samninginn, ég og Hanna Birna í Háskólabíó á bakinu, hún kraup fyrir framan okkur, á bakinu á henni. Og þetta, það var enginn svo sem hneykslaður á staðnum en þetta hneykslaði úti í samfélaginu. Það var fólk úti í samfélaginu sem fannst þetta vera fyrir neðan virðingu borgarstjórans að taka þátt í svona uppákomu en hún hafði mjög gaman af þessu. Og eins var það náttúrulega með, hvað kölluðu þær sig aftur norsku drottningarnar?

*Felix: Rut og Vigdís.*

Rut og Vigdís já. Eins var það með norsku Rut og Vigdís að þær auðvitað kunnu þá list að fara eins og *Little Britain* pínulítið yfir strikið. Svo mikið yfir strikið að það var nóg til þess að fólk var svolítið vandræðalegt en það var alltaf vel meint. Og til dæmis þegar að Villi var að ávarpa okkur í Loftkastalanum, þá auðvitað veifuðu þær dildó framan í hann og hann hafði bara gaman af.

*Felix: (Hlær) Auðvitað veifuðu þær dildó. Bara auðvitað. Erum við ekki bara nokkuð góð?*

*Hrafnhildur: (heyri ekki) -útvarpsviðtal, bara að senda þetta út.*

*Felix: Já við sendum þetta bara út sko.*

Ha?

*Felix: Það er bara hægt að senda þetta út. Þetta er bara þátturinn-*

*Hrafnhildur: Geturðu sagt okkur eitthvað frá steggjununum og...*

*Felix: Já, einmitt um það.*

Ah, eigum við að fara að halda honum uppi? Nefna...

*Hrafnhildur: Nei, bara að segja-*

Steggjanirnar alla vega, og svo er náttúrulega leðurklúbburinn og Tóta Björk ef enginn ætlar að minnast á hana.

*Hrafnhildur: Jú Veturliði kemur á morgun.*

OK flott.

*Felix: Það verður góð Veturliða...*

Já þetta var nú eiginlega svona undir merkjunum þarna, ég var að tala um að fólk svona að reyna að free-ride-a gönguna, það var með þessar steggjanir sko. Einhverra hluta vegna, af því að straight fólk hugsar nú svo ferkantað um marga hluti, sérstaklega straight karlmenn að þá fannst þeim það mörgum góð hugmynd í mörg ár að þá fengu margir þessa sömu, ömurlegu, brilliant hugmynd. Að steggja vin sinn með því að setja hann hálfnakinn í Gleðigönguna án þess að biðja okkur um leyfi. Og þetta var náttúrulega aldrei prýði af þessu vegna þess að steggurinn og vinir hans voru yfirleitt drukknir, mjög drukknir, og áfengi var bannað í göngunni og áfengisneysla og við fengum oft vont fyrir, fólk var að senda einhver skilaboð á fjölmiðla og annað að hneykslast á okkur og þá var það út af þessum steggjum sem að við höfðum mikið fyrir að henda þeim úr göngunum þegar við fundum þá. Og öryggisstjórnir og göngustjórnir okkar voru í því að þefa uppi svona ófögnuð. Og lengst gekk, einn sem gekk í chaps, berrassaður sem sagt með beran bossa, mjög drukinn með

hlæjandi vini sína í kring og hann var handtekinn. Létum handtaka hann. En engu að síður varð það til þess að Gylfi Ægisson og einhverjir þverhausar úti í samfélaginu hvað þessi mál varðar gerðu þetta að einhverju aðalatriði og að þetta væri það sem Gleðigangan snerist um og sáu auðvitað ekki gleðina og sáu bara táfýluna af einhverjum stegg. Og það var það eina sem þeir sáu í þessari göngu. Og það er náttúrulega svona valkvæð blinda og ekkert við hana að eiga þegar fólk er með hana vegna þess að fólk hefur valið að vera blint. En yfirleitt var enginn með svona átroðning í göngunni og jafnvel þó að einhverjir sniðugir, það voru margir sniðugir sem fóru í gönguna og fóru þá aftur fyrir hana í einhverjum búningum jafnvel og annað og ég veit mörg dæmi þess að karlmenn í felum birtust í göngunni í dragi og enginn vissi hvaða kona þetta var og við vissum það ekki og það eru fullt af konum sem ég sá alltaf í hverri göngu sem ég vissi að voru karlmenn en fyrir mitt litla líf myndi ég ekki þekkja þá ef ég sæi þá án dragsins og mættu reglulega í gönguna. Það voru líka margar ástarsögur í göngunni. Þær voru margar mjög fallegar. Það var fullt af fólki sem kynntist í göngunni og það var líka þannig að það voru svo margir utan af landi, ungt fólk, utan af landi sem notaði tækifærið að fara í bæjarferð til að koma út úr skápnum í göngunni. Þannig að það komu margir út þar. Og eiga sína upphafssögu í göngunni. Ástarsögur voru nokkrar. Til dæmis ein var að ég tók eftir því að, það var mikið ljósmyndað, Bára og fleiri mynduðu gönguna alveg svakalega fyrir utan alla kvikmyndirnar sem hún Hrafnhildur tók, sennilega mest myndaði viðburður á landinu. Nema það voru einhverjar konur, svona fullorðnar konur, ég gæti trúað um sextugt eitthvað svoleiðis, sem einhvern veginn á hverju ári rötuðu inn á myndir hjá okkur og bara í hópnum innan um fullt af öðru fólki. Og seinna frétti ég það að þetta hefðu sem sagt verið giftar konur, giftar karlmönnum, og þær höfðu hist í göngunni hver um sig, laumað sér í gönguna hvor um sig og upp úr því varð ástarsamband sem að ég vona að standi enn.

*Hrafnhildur: Raggi Bjarna?*

Já. Alveg rétt.

*Hrafnhildur: Af því við eigum myndir af honum á sviðinu.*

*Felix: Það var stórmál þegar Milljónamæringarnir komu og Raggi. Það er 2002.*

Já. Það er 2002. Já talandi um listamennina sko, þetta er svo langur listi, Ragnar Bjarnason, þjóðargersemin sjálf, auðvitað privat og persónulegur vinur Páls Óskars. Hann kom með sína sveiflandi hendi og skemmti sér konunglega enda sko, Ragnar, var búinn að vera að í skemmtanabransanum áratugum saman og séð margt sem venjulegt fólk sá ekki. Raggi Bjarna hafði auðvitað séð stærstan hluta af hommum og lesbíum landsins af því að hann var þar sem annað fólk var ekki, baksviðs og annars staðar. Þannig að fyrir hann var þetta ekki svo mikið skref en það var stórt skref fyrir marga hjá þjóðinni að sjá hann þar og þar af leiðandi mjög dýrmæt stuðningsyfirlýsing sem í því fólgst að hann kæmi. Bubbi Morthens hann kom á opunarhátíðir hjá okkur og söng *Somewhere Over the Rainbow* sem er einkennislag, alheimslag sem er alltaf flutt á hverjum einustu Hinsegin dögum og opnar hátíðir. Margvíslegir listamenn komið, Andrea hefur sungið það og Bubbi kom þarna og söng það, hvert með sínu nefi og á sinn fallega hátt. Og það er einmitt ein af þeim stundum á Hinsegin dögum þegar það lag er flutt á opunarhátíðinni að þá er kominn tími til að grenja. Og maður grenjar af gleði, maður grenjar líka af söknuði og trega til þeirra sem að féllu í baráttunni og eru líka hluti af gleðinni, fólk segir: „Út af hverju drag, af hverju þurfið þið að vera að klæða ykkur svona upp?“ og allt þetta. „Út af hverju dragið, af hverju þurfa allir að vera eins og konur einhvern veginn?“ Og það er vegna þess að framvarðarsveitin í okkar baráttu voru dragdrottningarnar. Það voru þær sem stóðu hugrakkar, fremstar í baráttunni og voru barðar, var nauðgað, þær voru myrtar. Þetta er framvarðarsveitin, þetta er fólkið sem að var fremst á vígvellinum. Og ef við heiðrum þær ekki í Gleðigöngunni þá getum við gleymt þessu.

*Felix: Já. Frábært. Góður punktur. Er þetta ekki komið? Byrjaðu nú að klippa góða.*